

SKJALAVER
HÖFÐATORGI
12. OKT. 2018
Málsnr.: SFS 2015030115
Bréfalykill: 6.1



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsögðu 4 · 101 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068
postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Reykjavíkurborg
B.t. borgarstjóra
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

AFRIT

Reykjavík 10. október 2018
Tilv.: MMR15011889/6.14.1-

Efni: Eftirfylgni með úttekt á leikskólanum Garðaborg lokið

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Námsmatsstofnun að gera úttekt á leikskólanum Garðaborg haustið 2014. Úttektin var gerð á grundvelli 20. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og var markmiðið að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Skýrslu um úttektina var skilað til ráðuneytisins í febrúar 2015. Í kjölfar skýrslunnar sendi ráðuneytið sveitarfélaginu bréf með óskum um umbætur dags. 17. mars 2015. Svarbréf frá sveitarfélaginu barst ráðuneytinu dags. 12. ágúst 2015.

Ráðuneytið sendi sveitarfélaginu bréf dags. 19. júní 2018 með beiðni um upplýsingar um hvernig hafi gengið að framfylgja þeim umbótum sem fram koma í umbótaáætlun frá mars 2015 ásamt staðfestingu skólastjóra og sveitarstjórnar á að umbótum væri lokið. Auk þess óskaði ráðuneytið eftir mati sveitarstjórnar á því hvernig sveitarfélagi og skóla hefur tekist að vinna að umbótum á skólasterfinu í kjölfar úttektarinnar.

Svarbréf skólastjóra með upplýsingum um framgang umbóta og staðfestingu hans á að umbótum í kjölfar úttektar væri lokið barst ráðuneytinu dags. 28. september 2018. Svarbréf sveitarstjórnar með upplýsingum um mat þeirra á framkvæmdum umbóta barst ráðuneytinu dags. 10. október 2018.

Ráðuneytið þakkar fyrir upplýsingarnar og telur að sveitarfélagið hafi gert fyllilega grein fyrir umbótum í kjölfar úttektar ráðuneytisins. Málinu er hér með lokið að hálfu ráðuneytisins.

Fyrir hönd ráðherra

Sunna Viðarsdóttir

Björk Óttarsdóttir

Ljósrit: Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, leikskólastjóri og formaður foreldrafélags Garðaborgar og skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar